10. mars 2025

TILKYNNING

Tillögur um uppgjör HFF-bréfa

I

Samantekt

1. Viðræðunefnd fjármála- og efnahagsráðherra og ráðgjafar 18 lífeyrissjóða hafa saman mótað tillögur um uppgjör HFF-bréfa[1] sem greiða mun fyrir slitum ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóðs).

2. Í tillögunum felst að kröfur samkvæmt HFF-bréfum verði efndar með því að ÍL-sjóður og íslenska ríkið afhendi til uppgjörs ríkisskuldabréf, önnur verðbréf og reiðufé í gjaldeyri (evrur) og íslenskum krónum.

3. Við mat á skuldum ÍL-sjóðs samkvæmt HFF-bréfum er stuðst við núvirt greiðsluflæði skuldabréfanna til lokagjalddaga.

4. Ríkissjóður, sem ábyrgðaraðili sjóðsins, mun leggja til fjármuni og önnur verðmæti vegna uppgjörsins og þannig gera sjóðnum kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum HFF-bréfa og öðrum kröfuhöfum.

5. Eignir sem afhentar eru til uppgjörs, aðrar en reiðufé, eru eða verða skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði og eru metnar á markaðsverði eða gangvirði.

6. Tillögurnar verða bornar undir fundi skuldabréfaeigenda til samþykkis og Alþingi til til öflunar nauðsynlegra heimilda.

7. Aðrar kröfur á hendur ÍL-sjóði verða jafnframt gerðar upp og sjóðnum slitið í framhaldinu.

II

Bakgrunnur

8. Þann 23. febrúar 2024 var tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs og íslenska ríkisins, og fulltrúar 18 lífeyrissjóða, sem saman fara með stærstan hluta skuldabréfa sem ÍL-sjóður er útgefandi að, myndu hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Markmið viðræðnanna væri að ná samkomulagi sem fæli í sér að skuldabréfin yrðu gerð upp að fullu og skilyrði sköpuð fyrir slitum ÍL-sjóðs.

[1] Skuldabréf (íbúðabréf, HFF150434 og HFF150644), gefin út af ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður), með lokagjalddaga í apríl 2034 og júní 2044. Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf sem bera 3,75% vexti á ári.

9. Viðræður hafa síðan staðið yfir milli starfsmanna fjármála- og efnahagsráðuneytis og ráðgjafa þeirra annars vegar og lögfræðilegra og fjárhagslegra ráðgjafa lífeyrissjóðanna hins vegar. Saman hafa aðilar viðræðnanna mótað tillögur um uppgjör HFF-bréfa. Þessar tillögur eru í dag kynntar fyrir lífeyrissjóðunum og gerðar opinberar.

III

Tillögur um uppgjör

10. Kröfur samkvæmt HFF-bréfum eru í uppgjörinu metnar að fjárhæð 174,4 milljarðar króna fyrir flokk HFF150434[2] og 476,9 milljarðar króna fyrir flokk HFF150644[3], eða 651,4 milljarðar króna samtals. Fjárhæðin endurspeglar virðismat HFF-bréfa, að frátöldum þeim sem eru í eigu ÍL-sjóðs, í lok dags þann 7. mars 2025 (**viðmiðunar-dagur**). Við matið er greiðsluflæði af bréfunum til lokagjalddaga núvirt með 3,5687% ávöxtunarkröfu fyrir flokk HFF150434 og 3,1736% ávöxtunarkröfu fyrir flokk HFF150644.

11. Samkvæmt tillögunum verða kröfurnar efndar með því að ÍL-sjóður og íslenska ríkið afhendi til uppgjörs eignir (**uppgjörseignir**) sem verðmetnar eru til sömu fjárhæðar á viðmiðunardegi og kröfur samkvæmt HFF-bréfunum, nánar tiltekið: [4]

    a) *Ríkisskuldabréf:* Verðtryggð og óverðtryggð vaxtagreiðslubréf, gefin út í níu skráðum flokkum ríkisbréfa með lokagjalddaga höfuðstóls á árunum 2029 til 2050, sem falla munu inn í markflokkakerfi ríkisbréfa.[5] Metið verðmæti þessa eignaflokks er 540,4 milljarðar króna.

    b) *Önnur verðbréf:* Sértryggð skuldabréf Landsbankans hf. og Íslandsbanka hf., og skuldabréf útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga og Greiðslumiðluninni Hring ehf. Metið verðmæti þessa eignaflokks er 38,0 milljarðar króna.

    c) Reiðufé í gjaldeyri (evrur): Verðmæti þessa eignaflokks samsvarar 55,0 milljörðum króna miðað við meðaltal á opinberlega skráðu miðgengi Seðlabanka Íslands á viðmiðunardegi og næstu fjóra viðskiptadaga þar á undan.

    d) Reiðufé *í íslenskum krónum:* 18,0 milljarðar króna.

12. Virðismat uppgjörseigna í flokki ríkisskuldabréfa og annarra verðbréfa fer fram á viðmiðunardegi og miðast við núvirt greiðsluflæði bréfanna til lokadags með viðeigandi ávöxtunarkröfum.

13. Uppgjörseignir verða afhentar kröfuhöfum í réttu hlutfalli við fjárhæðir krafna. Uppgjöri krafna undir allt að 1,2 milljörðum króna verður þó hagað þannig að 25

[2] Gengi 1,2241 (e. *dirty price*) á útgefna nafnverðseiningu að frátöldum eigin skuldabréfum ÍL-sjóðs.
[3] Gengi 1,9103 (e. *dirty price*) á útgefna nafnverðseiningu að frátöldum eigin skuldabréfum ÍL-sjóðs.
[4] Sjá nánari sundurliðanir í fylgiskjali.
[5] Ríkissjóður hefur lýst yfir vilja í gildandi ársáætlun um að komið verði á viðskiptavakt fyrir a.m.k. tvo þessara flokka ríkisskuldabréfa og stefnir jafnframt á að vakt verði komið á þá flokka sem eftir standa.

hundraðshlutar verða greiddir með reiðufé í íslenskum krónum og 75 hundraðshlutar með verðtryggðum ríkisskuldabréfum, RIKS 34 fyrir HFF150434 og RIKS 44 fyrir HFF150644.

14. Verði ekki unnt að afhenda einstökum kröfuhöfum heilar nafnverðseiningar uppgjörseigna sökum fjárhæðar krafna skal ÍL-sjóði heimilt að greiða það sem upp á vantar með reiðufé í íslenskum krónum og/eða öðrum uppgjörseignum og aðlaga greiðslur til annarra kröfuhafa samkvæmt því svo jafnræðis sé gætt.

15. Fyrir liggur að nokkrar vikur munu líða milli viðmiðunardags og þess dags er uppgjör fer fram. Við uppgjör verður því eftir því sem við á tekið tillit til (i) hvers kyns greiðslna vaxta, verðbóta og höfuðstóls á HFF-bréfin til kröfuhafa (greiðslur dregnar frá) og (ii) hvers kyns greiðslna vaxta, verðbóta og höfuðstóls á uppgjörseignir í formi verðbréfa til ÍL-sjóðs (greiðslum bætt við), sem eiga sér stað á tímabilinu milli viðmiðunardags og uppgjörs. Uppgjörseignir í formi reiðufjár verða vaxtareiknaðar á sama tímabili.

IV

Samþykki fundar skuldabréfaeigenda og Alþingis

16. Endanlegar tillögur um breytingar á greiðsluskilmálum HFF-bréfa verða lagðar fyrir fundi skuldabréfaeigenda til samþykkis. Til funda verður boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Tillaga telst samþykkt ef henni eru greidd atkvæði 75 hundraðshluta skuldabréfaeigenda eftir fjárhæðum krafna. Haldnir verða tveir aðskildir fundir, með eigendum skuldabréfa í flokki HFF150434 annars vegar og flokki HFF150644 hins vegar.

17. Verði tillögur um breytingar á greiðsluskilmálum HFF-bréfa samþykktar er gert ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp til fjáraukalaga þar sem aflað verði heimildar til útgáfu ríkisskuldabréfa samkvæmt ofangreindu.

18. Öðrum kröfuhöfum ÍL-sjóðs en eigendum HFF-bréfa verður boðið uppgjör krafna sinna.

19. Við uppgjör krafna og slit ÍL-sjóðs verður gætt að gagnsæi og jafnræði meðal kröfuhafa.

Fyrirvarar:

Tillögur þær sem fram koma í tilkynningu þessari eru ekki bindandi fyrir ÍL-sjóð, íslenska ríkið, lífeyrissjóði eða aðra kröfuhafa ÍL-sjóðs.

Tölur sem fram koma í tilkynningu þessari eru birtar með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Fylgiskjal:

Virði HFF-bréfa

	Ávöxtunarkrafa	Nettó útgefið nafnverð[1]	Virði á viðmiðunardegi	Gengi á viðmiðunardegi
HFF150434	3,5687%	142.488	174.415	1,2241
HFF150644	3,1736%	249.675	476.945	1,9103

[1] *Útgefið nafnverð að frádregnum bréfum í eigu ÍL-sjóðs*

Uppgjörseignir HFF150434

	Ávöxtunarkrafa[1] / Gengi[2]	Nafnverð	Virði á viðmiðunardegi
Ríkisskuldabréf			
RIKS 29 0917	3,1192%	50.000	51.859
RIKS 34 1016	2,8575%	37.354	40.074
RIKS 36 0815	2,7723%	25.000	27.465
RIKS 39 1115	2,6656%	15.000	16.757
			136.154
Önnur verðbréf			
HARP 46 0217	3,9091%	2.170	2.511
ISB CBI 30	3,4928%	1.480	2.102
LBANK CBI 28	3,9038%	2.280	3.268
LSS150434	3,9696%	2.095	1.821
			9.702
Reiðufé í gjaldeyri	146,54	€ 96,0	14.065
Reiðufé í íslenskum krónum			14.494
Samtals eignir afhentar			**174.415**

Allar fjárhæðir í milljónum og ISK nema annað sé tekið fram

[1] *Ávöxtunarkrafa afhentra ríkisskuldabréfa byggir á 5 daga meðaltali ávöxtunarkröfu á vaxtaferli ríkisskuldabréfa*

[2] *Gengi EUR byggir á 5 daga meðaltali á opinberlega skráðu miðgengi Seðlabanka Íslands*

Uppgjörseignir HFF150644

	Ávöxtunarkrafa[1] / Gengi[2]	Nafnverð	Virði á viðmiðunardegi
Ríkisskuldabréf			
RIKS 29 0917	3,1192%	17.000	17.632
RIKS 34 1016	2,8575%	23.000	24.675
RIKS 36 0815	2,7723%	34.000	37.353
RIKS 39 1115	2,6656%	34.000	37.982
RIKS 41 0815	2,6306%	50.000	57.165
RIKS 44 1017	2,5761%	50.313	58.405
RIKS 47 1115	2,5386%	48.000	56.708
RIKS 50 0915	2,5141%	47.000	56.707
RIKB 32 1015	6,9669%	56.000	57.611
			404.237
Önnur verðbréf			
HARP 46 0217	3,9091%	6.300	7.289
ISB CBI 30	3,4928%	4.320	6.136
LBANK CBI 28	3,9038%	6.660	9.546
LSS150434	3,9696%	6.096	5.299
			28.270
Reiðufé í gjaldeyri	146,54	€ 279,3	40.935
Reiðufé í íslenskum krónum			3.503
Samtals eignir afhentar			**476.945**

Allar fjárhæðir í milljónum og ISK nema annað sé tekið fram

[1]Ávöxtunarkrafa afhentra ríkisskuldabréfa byggir á 5 daga meðaltali ávöxtunarkröfu á vaxtaferli ríkisskuldabréfa

[2]Gengi EUR byggir á 5 daga meðaltali á opinberlega skráðu miðgengi Seðlabanka Íslands

Afhent ríkisskuldabréf

	Útgáfudagur	Lokadagur	Grunnvísitala	Vextir
Ríkisskuldabréf				
RIKS 29 0917	17.09.2024	17.09.2029	633,52	3,50%
RIKS 34 1016	16.10.2024	16.10.2034	633,07	3,50%
RIKS 36 0815	15.08.2024	15.08.2036	631,61	3,50%
RIKS 39 1115	15.11.2024	15.11.2039	633,14	3,50%
RIKS 41 0815	15.08.2024	15.08.2041	631,61	3,50%
RIKS 44 1017	17.10.2024	17.10.2044	633,03	3,50%
RIKS 47 1115	15.11.2024	15.11.2047	633,14	3,50%
RIKS 50 0915	15.09.2024	15.09.2050	633,48	3,50%
RIKB 32 1015	15.10.2024	15.10.2032	Óverðtryggt	7,00%